



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

**UPPHAF OPINBERRAR HEIMSÓKNAR
FORSETA ÍSLANDS TIL KÍNA**

Opinber heimsókn forseta Íslands til Kína hófst í dag þegar vél forseta lenti kl. 14 að staðartíma (6 að morgni að íslenskum tíma) á flugvöllinum í Beijing. Zhang Yesui aðstoðarutanríkisráðherra Kína tók á móti forsetanum við komuna til Beijing en eftir stutta móttökuathöfn á flugvöllinum var haldið að gestahúsi kínversku ríkistjórnarinnar þar sem forseti og fylgdarlið munu dvelja meðan á dvölinni í Beijing stendur. Í kvöld (að kínverskum tíma) buðu sendiherra Íslands Eiður Guðnason og frú Eygló Helga Haraldsdóttir forseta, fylgdarliði og viðskiptasendinefndinni til móttöku. Þar flutti forseti ávarp þar sem hann fjallaði m.a. um þau spennandi og fjölþættu tækifæri sem nú bjóðast á samstarfi milli íslenskra og kínverskra viðskiptaaðila. Í kjölfarið hitti forseti íslenska ferðamenn sem eru með í förinni.

Á morgun hefst dagskrá forsetahjóna með heimsókn á Kínamúrinn en í kjölfarið fylgja heimsóknir til fyrirtækja sem eiga samstarf við íslenska viðskiptaaðila. Síðdegis á morgun mun forseti Íslands eiga viðræður við Hu Jintao forseta Kína og annað kvöld sitja hátíðarkvöldverð í boði hans.

16. maí 2005